

6.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 19.júlí kl. 10:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J.Fossdal Melum, Delphine Briois Finnbogastaðaskóla er í fjarfundi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Óskað er eftir samþykki hreppsnefndar til að leggja fram nokkur atriði sem borist hafa eftir að fundargögn voru send og var það samþykkt. Verða þau lögð fram sem atriði 9. og 10.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins er;

1. Kosning í nefndir sveitarfélagsins; kjörstjórn, skipulagsnefnd, Náttúruverndarnefnd, byggingarnefnd, samgöngunefnd, atvinnumálanefnd, skólanefnd? og félagsmálanefnd.

Kjörstjórn aðalmenn; Ingólfur Benediktsson Ánesi 2, Þórólfur Guðfinnsson Kaupfélagshúsi og Bjarnheiður J. Fossdal Melum

Varamenn; Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Delphine Briois Finnbogastaðaskóla.

Félagsmálanefnd; Oddný Þórðardóttir Krossnesi, varamaður Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Skóla- og fræðslunefnd; aðalmenn Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Delphine Briois Finnbogastaðaskóla. Varamenn; Björn Torfason Melum 1, .....

Skipulags- bygginga- húsnæðis og hafnarnefnd; aðalmenn; Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði og Egill Kristjánsson Melum 2.

Varamenn; Guðmundur Pétursson Ófeigsfirði, Cedric Masse Finnbogastaðaskóla og Guðlaugur Ágústsson Steinstúni.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd; Björn Torfason Melum 1, Héðinn B. Ásbjörnsson Djúpavík og Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2. Varamenn; Magnús K. Pétursson Djúpavík, Oddný Þórðardótti Krossnesi og Bjarnheiður J. Fossdal Melum1.

Samgöngunefnd; aðalmenn Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum1 og Ingólfur Benediktsson Ánesi 2. Varamenn; Héðinn B. Ásbjörnsson Djúpavík, Cedric Masse Finnbogastaðaskóla og Björn Torfason Melum 1.

Atvinnumálanefnd; aðalmenn; Delphine Briois Finnbogastaðaskóla, Róbert Hlífur Ingólfsson Ánesi 2 og Magnús K. Pétursson Djúpavík. Varamenn; Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði.

1. Bréf frá Landskjörstjórn v. kostnaðar af síðustu kosningum. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, gjaldtökulisti og fleira. Farið yfir lista yfir

fyrirtæki í hreppnum og oddviti mun tala við heilbrigðisfulltrúa varðandi hann.

3. Bréf frá Skattinum varðandi Ljósleiðara Árneshrepps og fleira varðandi framkvæmd verkefnisins. Rætt var um hvað sé fréttæmt af lagningu ljósleiðara og þriggjafasa strengs. Ákveðið
4. Bréf frá Vegagerðinni varðandi ýmis mál. Farið var yfir nokkur bréf varðandi niðurfellingu heimreiðar. Ennfremur ákveðið hvernig styrk úr styrkvegaskjóði verður varið og mun oddviti vera í sambandi við vegagerðina þar sem við á.
5. Hitaveita frá Krossnesi. Samningar varðandi forsendugreiningu og fleira. Farið var yfir drög að samningi á milli Fjórðungssambands Vestfirðinga og Árneshrepps vegna styrks til forsendugreiningar hitaveitu, oddviti fær samninginn til undirritunar. Smábreyting verður gerð á Viljayfirlýsingu við landeiganda að ósk hans. Einnig fékk hreppsnefnd í hendur samning um verkfræðiráðgjöf við Verkfræðistofuna Stoð á Sauðárkróki. Arinbjörn kom að samningu þessa samnings og leggur til að hreppsnefnd samþykki hann og það var gert samhljóða.
6. Ný teikning af bílskúr við Finnbogastaðaskóla. Ákveðið var að bíða með ákvörðun varðandi málið.
7. Bréf frá Lánaskjóði sveitarfélaga varðandi áreiðanleikakönnun. Nýir hreppsnefndarmenn munu koma með skilríki á hreppsskrifstofuna og oddviti sendir skönnuð afrit til Lánaskjóðs sveitarfélaganna.
8. Norðurfjarðarhöfn. Arinbjörn verkefnisstjóri lagði fram teikningar af fyrstu verkum sem greidd verða af sveitarfélaginu.
9. Fasteignaheiti í Norðurfirði. Talað hefur verið við húseigendur og gengið verður frá því að réttu heitin komist á fasteignaskrár.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:50.